

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 8. des. 2003

Tillaga til þingsályktunar um skipan nefndar sem móti stefnu á sviði þróunarsamvinnu Íslands við önnur ríki.

130. löggjafarþing 2003-2004. Þskj. 43. - 43. mál

Rauði kross Íslands þakkar fyrir að fá ofangreinda tillögu ásamt greinargerð til umsagnar og óskar að koma eftirfarandi á framfæri;

Margt hefur breyst á síðustu tveimur áratugum í þróunarfræðum, aðferðum og verklagi í þróunarsamvinnu. Þróunarsamvinna íslenskra stjórnvalda hefur að sama skapi tekið töluverðum breytingum eins og segir í nýútkominni skýrslu *Ísland og þróunarlöndin* sem vitnað er til í tillögunni. Mikilvægt er að taka þennan málaflokk til formlegrar umræðu og skoðunar með reglulegu millibili og taka tillit til breytinga sem verða.

Rauði kross Íslands telur að ef skipa eigi nefnd sérfræðinga sem móti stefnu Íslands í þróunarsamvinnu sé mikilvægt að hlutur frjálsra félagasamtaka verði þar ekki fyrir borð borinn og því er lagt til að þau eigi fulltrúa í nefndinni. Stór hluti framlags Íslendinga til þróunarsamvinnu kemur í gegnum frjáls félagasamtök, og sem dæmi má nefna að árið 2000 lögðu frjáls félagasamtök á Íslandi um 300 milljónir króna til þróunar- og neyðaraðstoðar og var það hærra en allt starfsfé Þróunarsamvinnustofnunar Íslands (PSSÍ) það árið (*Ísland og þróunarlöndin, 2003*). Í þessu samhengi má ennfremur vísa til nýafstaðinnar 28. Alþjóðaráðstefnu Rauða kross hreyfingarinnar og stjórnvalda um sameiginlegar heitstrengingar hvað varðar átak á ýmsum sviðum neyðar- og þróunarsamvinnu (sjá meðfylgjandi).

Varðandi atriði er nefndin skal hafa að leiðarljósi;

Rauði kross Íslands getur ekki annað en tekið heils hugar undir allar tillögur sem miða að því, eins og segir í 1. lið, "... að efla menntun, mannréttindi og frelsi kvenna um allan heim." Það er þekkt staðreynd að sérstakar aðgerðir í þágu kvenna ýta fremur undir framþróun samfélaga en ef látið er hjá líða að taka sérstaklega mið af mismunandi stöðu og aðstæðum kynjanna. Þetta snertir einnig 2. lið þar eð sértækar aðgerðir í þágu kvenna sem miða að því að auka völd og bæta stöðu þeirra skipta mjög miklu í allri viðleitni til að hefta útbreiðslu alnæmis. Er þá m.a. átt við sjálfsákvörðunarrétt kvenna, vald yfir eigin líkama, rétt til öruggs kynlífs osfrv. Ennfremur er talið að heilsugæsla taki ekki nægilega mið af þörfum kvenna og afar brýnt að bæta úr því.

2. liður. Það er einnig mikilvægt að hafa í huga að sjúkdómar eins og malaría og berklar eru mjög skæðir mannkyninu og því tilefni til að tiltaka þá hér auk alnæmis. Í Afríku einni deyja 3000 börn dag hvern vegna malaríu. Því er lögð til eftirfarandi breyting;

“ ... aðgerðir sem miða að því að koma í veg fyrir *algenga sjúkdóma s.s. alnæmi, berkla og malaríu.*”

3. liður. Nágrannar okkar á Norðurlöndum hafa um árabíl staðið fremstir í flokki þróunarsamvinnu og hafa mikla reynslu á því sviði. Því er sjálfsagt að skoða stefnumótun þeirra í málaflokknum. Hvað varðar skýrsluna, *Ísland og þróunarlöndin*, sem gerð var að tilhlutan utanríkisráðuneytisins þá er eðlilegt að ræða niðurstöður og tillögur hennar á formlegum vettvangi, eins og þeirri nefnd sem umrædd tillaga gerir ráð fyrir, og bregðast við þeim á einn eða annan hátt.

4. liður. Lög um PSSÍ eru frá 1981. Eins og áður segir hafa miklar breytingar átt sér stað í allri þróunarsamvinnu. Því má telja tímabært að endurskoða lögina og færa til samræmis við þær breytingar. Sem dæmi má nefna að samvinna PSSÍ við frjáls félagasamtök hefur aukist mjög. Núgildandi lög eru þó tæplega nægilega skýr varðandi það hvers eðlis sú samvinna geti verið, t.d. hvort PSSÍ þurfi ávallt að vera framkvæmdaraðili verkefnanna eða geti falið félagasamtökunum alfarið framkvæmdina og sinnt þess í stað fjármögnunar- og eftirlitshlutverki. Það gæti aukið gæði verkefnanna og fé myndi að líkindum nýttast betur.

Almennt varðandi greinargerðina;

Íslensk stjórnvöld hafa samþykkt Þúsaldarmarkmið Sameinuðu þjóðanna og hljóta að þurfa að marka sér stefnu í því hvernig þau hyggist, í félagi við önnur aðildarríki, ná þeim.

Marghliða þróunarsamvinna hefur vaxið mjög hin síðari ár og er á hendi utanríkisráðuneytisins - en tvíhliða þróunarsamvinna er alfarið á höndum PSSÍ sem sérstakrar stofnunar í litlum tengslum við utanríkisráðuneytið. Neyðaraðstoð til þróunarlanda er svo bæði á höndum utanríkisráðherra og ríkisstjórnar (*Ísland og þróunarlöndin, 2003*). Stefna í þróunarmálum og samvinnu við þróunarlöndin er mikilvægur hluti af utanríkisstefnu stjórnvalda í nágrannalöndum okkar, hvort sem hún telst tví- eða marghliða, enda tengist þetta tvennt órofa böndum. Þróun undanfarinna áratuga er ennfremur sú að reyna í auknum mæli að tengja saman langtíma þróunarsamvinnu og neyðaraðstoð til hagsbóta fyrir viðkomandi samfélög. Löngum hefur þetta beinst að því að þróa og byggja upp neyðarvarnir og auka getu samfélaga til að bregðast við neyð á mannsæmandi hátt. En einnig má nefna að æ fleiri samstarfsfélög Rauða kross Íslands líta á verkefni í þágu alnæmissjúkra og tilraunir til að hefta útbreiðslu sjúkdómsins sem sambland af neyðar- og þróunaraðstoð.


Ef fram fer sem horfir í þróun tvíhliða samvinnuverkefna Íslendinga þar sem félagslegum verkefnum vex stöðugt fiskur um hrygg, þá telur Rauði kross Íslands mikilvægt að stærri hluta framlaga verði beint í gegnum frjáls félagasamtök. Flest félagasamtök á þessu sviði hér á landi eru hluti af alþjóðahreyfingu, búa að mikilsverðri reynslu af slíkum

verkefnum og vinna í samstarfi við systurfélög eða hliðstæð samtök í samstarfslandinu. Með því er reynt að tryggja að samstarfið sé á forsendum heimamanna ("eignarhald" tryggt), þekking þeirra nýtt og eins að þekking og hæfni sé byggð upp hjá samstarfsaðilanum.

Þarfir þeirra sem eiga að njóta aðstoðar þurfa alltaf að vera í brennidepli. Framkvæmd þróunarsamvinnu er þó langt frá því að vera einföld og skýr langtíma markmið sem eru endurskoðuð reglulega hljóta að vera forsenda góðs árangurs. Það væri því til mikilla bóta að stjórnvöld settu fram heildarstefnu í þróunarsamvinnu til langtíma. Nauðsynlegt er að slík stefna taki til tví- og marghliða þróunarsamvinnu, tengsla neyðaraðstoðar og þróunarsamvinnu og feli m.a. í sér skýrar línur um tilhögun og eðli samstarfs stjórnvalda við frjáls félagasamtök og aðra aðila.

Rauði kross Íslands lýsir sig fúsan til frekara ráðslags um ofangreinda tillögu, m.a. að starfa í þeirri nefnd um þróunarsamvinnu sem tillagan fjallar um og miðla af reynslu sinni við stefnumótun í málaflokknum.

Virðingafyllst



Sigrún Árnadóttir

framkvstj. Rauða kross Íslands

The Government of Iceland and the Icelandic Red Cross hereby jointly
pledge the following:

1. For the years 2004 – 2007, the Icelandic Government, reaffirming a common responsibility to respect and ensure respect of the principles and rules of IHL, noting its continued relevance and steady development, hereby pledges with the Icelandic Red Cross to cooperate for the effective implementation, dissemination and effective application of international humanitarian law by taking the following steps:

- Establishing a national commission for the implementation of international humanitarian law comprising representatives of relevant governmental ministries and of the Icelandic Red Cross,
- Reviewing the national legislation concerning the protection of the red cross and red crescent emblems in order to enhance the protection of the emblems and guard against their misuse in Iceland,
- Review the existing legal measures concerning the status of the Icelandic Red Cross and examining the need for introduction of special Red Cross law.
- Review existing and proposed IHL instruments and make recommendations regarding signature, ratification and implementation.

Proposed evaluation criteria (in 2007-8)

- A national implementation committee has been established;
- A joint mechanism has been set up (comprising of representatives from the government and Icelandic Red Cross) to review existing national legislation concerning the emblem;
- Revised national legislation on the protection of the emblems has been adopted and is being enforced;
- A review of existing legal measures concerning the status of the Icelandic Red Cross has been carried out and the results of the study form the basis for national legislation;
- Advice has been sought from the ICRC and International Federation when appropriate;
- Existing and proposed IHL instruments have been reviewed and recommendations made regarding signature, ratification and implementation.

Reference: Gen Obj 2, (final goal 2.1 and 2.2) Gen Obj 3, (final goal 3.1)

2. For the years 2004 – 2007, the Icelandic Government and the Icelandic Red Cross, acknowledging the importance of disaster risk reduction, preparedness and response mechanisms and the serious threat posed by HIV/AIDS to human dignity particularly to the most vulnerable groups in society, hereby pledge to increase their cooperation and consultation concerning their humanitarian activities both at home and abroad.

- Establishing framework for dialogue and co-ordination on international humanitarian operations with the Ministry of Foreign Affairs

- Financial support to programs implemented by Red Cross Societies in Southern Africa that aim at prevention, care and treatment of people living with and affected by HIV/AIDS as well as working against stigma and discrimination.

Proposed evaluation criteria (2007 – 8)

- A framework, based on an exchange of letters, has been agreed.
- The Red Cross and Red Crescents humanitarian concerns, Appeals and Reports have been presented and discussed on a regular basis at ministerial level.
- Red Cross and Red Crescent Appeals for Southern Africa have been presented, discussed and responded to.
- Information on Humanitarian issues has been exchanged, training resources shared and technical procedures harmonized, leading to greater coherency in response to humanitarian issues.

Reference: Gen Obj 3, Goal 3.1. Gen Obj 4, Goal 4.2.


3. For the years 2004 – 2007, the Icelandic Government and the Icelandic Red Cross hereby pledge to assess whether existing health awareness activities and health services reach the populations in Iceland that are vulnerable owing to migration, social exclusion or discrimination, and to find ways to act upon the findings of this assessment.

Proposed evaluation criteria:

- The assessment has been completed.
- The findings of the assessment have been discussed and relevant actions planned.


Reference: Action 4.2.1. and 4.2.5.

For the Government of Iceland



Gunnar Snorri Gunnarsson
Permanent Secretary of State
Ministry for Foreign Affairs

For the Icelandic Red Cross



Sigrún Árnadóttir
Director of the Icelandic Red Cross